

FORSÆTISNEFND

Ár 2024, föstudaginn 27. september, var haldinn 347. fundur forsætisnefndar. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 10:05. Viðstödd voru Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Líf Magneudóttir, Magnea Gná Jóhannsdóttir og Sabine Leskopf. Eftirtaldir áheyrnarfulltrúar tóku sæti á fundinum: Sanna Magdalena Mörtudóttir og Kolbrún Baldursdóttir. Eftirtaldir fulltrúar og áheyrnarfulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 1. málsl. 1. mgr. 54. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Alexandra Briem og Marta Guðjónsdóttir. Eftirtaldir starfsmenn og embættismenn sátu fundinn: Helga Björk Laxdal, Eiríkur Búi Halldórsson og Ólöf Magnúsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram drög að dagskrá fundar borgarstjórnar 1. október 2024. Forsætisnefnd óskar eftir að eftirtalin mál verði tekin á dagskrá sem sérstakir dagskrárlíðir með vísan til samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar:
 - a) Umræða um stefnumótun í málefnum innflytjenda og úttekt OECD (að beiðni borgarfulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata, Viðreisnar og Vinstri grænna)
 - b) Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aukið framboð lóða til íbúðauppyggingar
 - c) Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um samvinnuvettvang til höfuðs misnotkunar vinnuafis
 - d) Umræða um aukið álag á starfsfólk leikskóla eftir að stytting vinnuvikunnar kom til framkvæmdar (að beiðni borgarfulltrúa Flokks fólksins)
 - e) Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um deilibíla
 - f) Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um verndarmörk vegna friðlýsingar Grafarvogs MSS24010053
2. Umræðu um stöðu framkvæmda í Tjarnargötu 12 er frestað. MSS23010284
3. Fram fer umræða um vinnudag forsætisnefndar.
 - 11:07 vikur Magnea Gná Jóhannsdóttir af fundi. MSS24020171

Fundi slitið kl 11:16